

# Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Haldinn 6. október 2017, kl. 12:15 á Hilton Reykjavík Nordica hótél

Alls voru tólf fulltrúar mættir á aðalfund samtakanna. Aðildarsveitarfélög eru 25 talsins.

Setning fundar. Ásthildur Sturludóttir, formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, bauð fundarmenn velkomna. Einnig bauð formaður velkomna til starfa Helgu Guðrúnu Jónasdóttur, nýjan starfsmann samtakanna sem tók um mitt ár við af Vali Rafni Halldórssyni. Lagði formaður að því búnu til að starfsmaðurinn yrði fundarstjóri, sem var samþykkt samhljóða. Gekk fundarstjóri því næst til dagskrár.

## 1. Skýrsla stjórnar

Ásthildur Sturludóttir flutti skýrslu stjórnar. Kom m.a. fram að stjórn hefði vakið athygli á ýmsum verkefni í fjölmiðlum og víðar, s.s. á hækkunum á gjaldskrárm orkufyrirtækja. Starfsemi hafi hins vegar ekki verið mikil á árinu sökum heilsuleysis formanns, sem væri nú búinn að ná sér og kominn tvífeldur til starfa á ný. Af þeim verkefnum sem mikilvægt væri að næsta stjórn einbeiti sér að nefndi Ásthildur eftirtalin mál:

Frekari niðurgreiðslur á húshitun á köldum svæðum

Kortlagning aðgerða með varmadælum í samstarfi við nýja ríkisstjórn að alþingiskosningum nú í október afstöðnum.

Aukin fræðsla til íbúa í samstarfi við Orkusetrið.

Aukin vitund um kostnað sveitarfélaga og íbúa þeirra á köldum svæðum.

Aukin samskipti við orkufyrirtækin um málaflokkinn.

Samtökin verði öflugur þrýstihópur á stjórnvöld og fylgist vel með breytingum innan málaflokksins.

Fundarstjóri þakkaði Ásthildi fyrir og gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Lagði Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar og fyrrv. formaður samtakanna til að umræðum undir þessum dagskrárlíð yrði frestað og teknar upp undir 4. dagskrárlíð. Var það samþykkt samhljóða.

## 2. Ársreikningur 2015 lagður fram.

Fundarstjóri dreifði afriti af ársreikningi síðasta árs og kynnti helstu niðurstöður. Tekjur voru óbreyttar frá árinu 2015 eða 750.000 þ.kr. Gjöld ársins námu tæpum 182 þ.kr. og var afkoma ársins þar með jákvæð um kr. 568.005. Við áramót nam innstæða á bankareikningi samtakanna rúmum 3,7 m.kr. að meðtöldum árgjöldum starfsársins.

Nokkur umræða var um sjóðsmyndun síðustu ára og var þeirri spurningu velt upp hvort efni stæðu jafnvel til þess að lækka árgjald samtakanna. Kom fram í svörum

formanns við þessum fyrirspurnum að árgjald væri til þess að gera lágt er kr. 35.000 á ári. Mikilvægt væri að fjármagn safnaðist í sjóði svo að samtökin hefðu afl til sjálfstæðra úttekta eða rannsókna með nokkurra ára millibili.

### **3. Ákvörðun um árgjald.**

Formaður lagði til óbreytt árgjald, kr. 35.000 á hvert aðildarsveitarfélag og var það samþykkt samhljóða.

### **4. Umræður og ályktanir um orkumál.**

Nokkrir kvöddu sér hljóðs undir þessum dagskrárlið, þar á meðal Kristinn Jónasson, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Elva Pétursdóttir, bæjarfulltrúi hjá Seyðisfjarðarkaupstað og Ásthildur Sturludóttir. Sagði Kristinn Jónasson m.a. frá ýmsum aðgerðum og tilraunverkefnum sem Snæfellsbær hefur gripið til með það fyrir augum að lækka orkukostnað sveitarfélagsins með góðum árangri. Gísli Halldór Halldórs sagði frá hugmyndum sem Ari Ólafsson, dósent í eðlisfræði við Háskóla Íslands hefði sent Ísfjarðarbæ um varmageymslu sem nýst gæti svf. á köldum svæðum. Elva Pétursdóttir sagði frá aðgerðum RARIK á Seyðisfirði, en fyrirtækið hefur tilkynnt íbúum að það muni segja upp þjónustusamningum við bæjarfélagið vegna fjarvarmaveitu staðarins. Ásthildur Sturludóttir þakkaði fyrir góðar umræður og gagnlegar tillögur og lagði til að starfsmanni verði sent upplýsingar til úrvinnslu og frekari miðlunar á m.a. vefsíðu samtakanna og var það samþykkt.

Vék formaður af fundi undir lok þessa dagskrárliðar vegna fundar hennar við umhverfis- og auðlindaráðherra kl. 13:00.

### **5. Kosninga stjórnar og varnarstjórnar**

Fyrir fundinum lágu tillögur að framboði stjórnar og varastjórnar til endurkjörs. Fundarstjóri bar fyrst upp framboð Ásthildar Sturludóttur, Vesturbyggð, Péturs Markan, Súðavíkurhreppi og Söndru Brá Jóhannsdóttur, Skaftárhreppi, í aðalstjórn og var tillagan samþykkt með lofataki. Sömu sögu var að segja um framboð Kristínar Árnadóttur, Snæfellsbæ, Jóns Páls Hreinssonar, Bolungarvíkurkaupstað og Ásgeirs Magnússonar, Mýrdalshreppi til varastjórnar. Var tillaga þess efnis samþykkt með lofataki.

Fleira var ekki gert. Sleit fundarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð, fundi kl. 13:15.